

HAFNARFJÖRÐUR

**Fornleifaskráning vegna nýs deiliskipulgs
á reit milli
Hverfisgötu, Gunnarssunds, Austurgötu og Mjósunds.**



**Katrín Gunnarsdóttir
fornleifafræðingur MA**

Efni: Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á reit, milli Hverfisgötu, Gunnarssunds, Austurgötu og Mjósunds.

Að beiðni Skipulags- og byggingarsviðs var óskað eftir því að Byggaðsafn Hafnarfjarðar gerði grein fyrir fornleifum á ofanefndu deiliskipulagssvæði.

Fornleifaskráning hefur ekki farið fram á áður nefndu deiliskipulagssvæði, en starfmaður Byggaðsafs Hafnarfjarðar sem er undirritaður hefur skoðað áður nefnt svæði.

Deiliskipulagssvæðið er í landi Jófríðarstaða.

Ágrip af sögu Jófríðarstaða

Jarðarinnar er fyrst getið árið 1541, en þá nefnir Gizur biskup Einarsson nafn jarðarinnar í ráðsmannsbréfi handa síra Oddi Halldórssyni.^{1,3}

Næstu heimildir um jörðina er frá 1563, en þá hafa þeir Páll Stígsson höfuðsmaður fyrir hönd danakonungs og Gísli Jónsson biskup vegna Skálholtkirkju makaskipti á nokkrum jörðum, og konungur eignaðist Ófriðarstaði ásamt fleiri jörðum í Gullbringusýslu. Var jörðin þá metin á 10 hndr.^{2,3}

Jarðeignir konungs eru skráðar í jarðabók frá tímabilinu 1583-1616, en þar segir að landskuld af Ófriðarstöðum sé fjórar vættir af fiski og þrjú leigukúgildi fylgi jörðinni.

Árið 1639 var jörðin metin hálfu þriðja hundrað herra en árið 1563, eða 12½ hndr., og landskuld hennar var þá 150 fiskar, en það er 10 fiskum minna en landskuldin er talin í jarðaskránni frá 1583-1616. Hefur jörðin því líklega verið verið enn herra metin þá, en kúgildistalan er sú sama. Árið 1693 var dýrleiki jarðarinnar 12½ hndr., en leigukúgildin ekki nema tvö, því eitt þeirra hafði verið flutt suður að Staumi og landskuldin var 150 fiskar. Þremur árum síðar 1696 var allt við það sama.³

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1703 segir um Ófriðarstaði:

Jarðardýrleiki er óviss. Jörðin er eign konungsins. Ábúandinn er Jón Jónsson. Landskuld er 75 álnir.⁴

1804 var jörðin 9 hndr og 36 álnir, og kaupir Bjarni Sívertssen þá jörðina.⁵

Jarðatal 1847 segir jörðina 12 1/3 hndr., landskuld 0.75, kúgildi tvö, og einn eigandi.

Jarðanúmer er 170.⁶

Örnefnaskrá segir að Ófriðarstaðir sé jörð í Garðahreppi fyrrum Áltaneshreppi. Árið 1885 var nafninu breytt í Jófríðastaði. Þá segir enn fremur að Kapólska trúboðið hafi eignast þetta land 1924.⁷

¹ DI X bls. 598

² DI Safn I bls. 131-2

³ Sigurður Skúlason 1933, Saga Hafnarfjarðar, bls. 54, 55

⁴ Árne Magnússon og Páll Vídalín Jarðabók 1703, bls. 172-174

⁵ Sigurður Skúlason 1933 Saga Hafnarfjarðar bls. 61, 54, 55,

⁶ J. Johsen 1847. Jarðatal á Íslandi. bls. 92

⁷ Gísli Ólafsson, Örnefnaskrá bls. 1

Fornleifaskráning

Uppdráttur frá 1925-26 sýnir garðhleðslur á fyrirhugðu deiliskipulagssvæði. Eining sýna ljósmyndir sem teknar voru um 1908 mikið af hlöðnum görðum á deiliskipulagssvæðinu.

Þessir garðar hafa þó að mestu þurft að víkja þegar byggðinn hefur þéttst og ný hús hafa risið.

Heimildir um örnefni eða nafngreind kennileiti eru ekki kunn á svæðinu.

Vettvangsathugun fór fram 7./4. 2010.

Austurgata 35

1 Garðhleðsla



Horft eftir garðinum til vesturs.



Horft eftir garðinum til austurs.

N: 64°04.090-V: 21.57.179

Á lóðamörkum Austurgötu 33 og 35 er garðhleðsla sem liggur í austur-vestur, og er um 18 m löng. Hleðsluhæð er um 1 m við austurenda en lækkar í 0.60 m um miðjuna og allt niður í 0.30 m. Veggjaþykkt er um 1 m.

Uppdráttur frá 1925-26 sýnir garðhleðsluna sem þá hefur verið um helmingi lengri til vesturs að Austurgötu en hún er í dag. Þá hefur garðurinn verið um 2-3 m lengri í austur og beygt síðan til norðurs og verið um 10-12 m og legið innan um lítið klettabelti.

Hættumat. Gaðurinn er ekki í beinni hættu nema ef eitthvað jarðrask yrði á lóðamörkunum.

2 Garðhleðsla



Horft eftir garðinum til norðurs.

N: 64°04.057- V: 21°57.123

Í klettum sem liggja milli hússins Austurgötu 35 og Mjósunds 13 er garðhleðsla efst á lóðamörkum austan við húsið Austurgötu 35. Garðhleðslan er um 5 m löng. Hleðsluhæð er um 0.30 m, en að mestu í sömu hæð og landið í kring sem er grasivaxið.

Uppdráttur frá 1925-26 sýnir garðhleðsluna sem þá hefur náð niður að Mjósundi, en hún gæti hafa horfið í sinu og runnagróður sem er á lóðamörkunum.

Hættumat Við jarðrask á lóðamörkum gætu hleðslur frá garðinum komið í ljós.

Hverfisgata 38b.

3 Garðhleðsla.



Garðhleðslan rétt fyrir neðan miðja mynd, horft til austurs.

N: 64°04.073-V:21°57.145

Á baklóð hússins Hverfisgötu 38b, er hleðsla á milli 2-3 m hárra kletta. Hleðslan er nú ytri kantur á matjurtagarði. Hleðslan er um 3 m löng og 0.30 m hæð, og um 0.50 m á

þykkt. Hleðslan er sigin og liggur jarðvegur að ytri kanti hennar, en að innri kanti liggur matjurtgarðurinn.

Uppdráttur frá 1925-26 sýnir garðhleðslu sem hefur legið á bak við húsið Austurgötu 35. Garðurinn þar sem hann liggur á milli klettana hefur verið hluti af lengri.

Hættumat. Garðurinn ekki í beinni hættu nema við jarðrask á svæðinu, en þá gætu komið í ljós hleðslur sem lægju neðar í jarðveginum.

Vitastígur 6a, Hverfisgata 35b, Hverfisgata 33.

4 Garðhleðsla.



Horft að hleðslunni í suður frá Vitastíg 6a.



Horft í norður frá Hverfisgötu 35b.

N: 64°04.133-21°57.144

Á lóðamörkum á baklóðum við húsin Hverfisgötu 35 b og Vitastíg 6a er smá bútur 2-3 m löng garðhleðsla. Á baklóð hússins Hverfisgötu 35b er steypur L- laga veggur sem hefur verið hluti af byggingu. Veggurinn er á lóðamörkum að Vitastíg 6 a, á lóðinni Vitastíg 6a liggur garðhleðslan upp að fyrirnefndum steypum vegg, en veggurinn nær um 1 m út fyrir steypa vegginn á lóðamörkunum við Hverfisgötu 35b. Vesturendi veggjarins liggur að lóðamörkum baklóðar Hverfisgötu 33.

Neðst í hleðslunni er veggjaþykkt um 1.50 m og þar er hleðsluhæð um 0.70 m, síðan er veggjaþykktin um 0.50 m þar sem hún liggur að fyrirnefndum steypum vegg sem er um 1.50 m á hæð.

Uppdráttur frá 1925-26 sýnir L-laga 10 x 6 m garðhleðslu á baklóðum Hverfisgötu 33 og Hverfisgötu 35b. Eftir standur aðeins þessi 2-3 m garðbútur milli lóðanna Hvefisgötu 35b og Vitastígs 6a.

Hættumat. Við jarðrask á lóðamörkum Vitastígs 6a og Hverfisgötu 35b er garðbútuirinn í hættu.

Niðurstöður:

Við jarðrask geta alltaf komið upp áður óþekktar fornleifar.

Í Þjóðminjalögum frá 2001 nr. 107, 31. maí, 13. gr segir: Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Austurgata 35

Á baklóð hússins er heillegur hlaðinn garður sem er um 18 m langur. Við jarðrask á lóðamörkum Austurgötu 33 og 35 gæti garðurinn verið í hættu.

Garðbútur sem liggur á lóðamörkum austan við húsið Austurgötu 35 gæti einning verið í hættu við jarðrask. Garðbúturinn er um 5 m langur, en hefur samkvæmt upprætti frá 1925-26 verið mun lengri, eða náð út að Mjósundi. Leifar garðisins gætu því komið í ljós við jarðrask.

Hverfisgata 38b.

Garðhleðsla, sem hefur verið hluti af lengri garði en þjónar nú hlutverki garðs til afmörkunar matjurtagarðs, er ekki í beinni hættu nema ef einhverjar breytingar verða gerðar í landinu. Hugsanlega landið sléttað.

Vitastígur 6a, Hverfisgata 35b, Hverfisgata 33.

Garðbúturinn er ekki í beinni hættu nema ef einhverjar breytingar verða gerðar á lóðamörkunum.

Samantekt á niðurstöðum

Garðarnir sem hér um ræðir eru þeir einu sem standa eftir af stærra kerfi garða sem lágu um þetta svæði fyrr á tímum. Þeir ættu því að fá að vera óhreyfðir.

Ef til jarðvegsframkvæmda kemur áður nefndum lóðum skal Byggaðsafn Hafnarfjarðar fá álit og aðgerðaáætlun Fornleifaverndar ríkisins um þá framkvæmd.

Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín 1703: Jarðabók III, Kaupmannahöfn 1943, bls. 172-174.

Ásgeir Guðmundsson 1984: Saga Hafnarfjarðar. III, bls. 372.

Gísli Ólafsson: Ófriðarstaðir Örnefnaskrá bls.1, 2, 3. Örnefnastofnun Íslands.

J.Johsen 1847: Jarðatal á Íslandi. bls. 92. Kaupmannahöfn 1847.

Íslenzkt fornbréfasafn DI X bls. 598.

Íslenzkt fornbréfasafn DI Safn I bls. 131-2.

Sigurður Skúlason 1933, Saga Hafnarfjarðar, bls. 54, 55,61.

Heimildarmaður: Jónatan Garðarsson. Lóuási 2. 221 Hafnarfjörður.


Fylgiskjöl:

Loftmynd af deiliskipulagssvæðinu í mælikvarða 1:1000 með fornleifum merktum frá 1- 4.

Uppdráttur: Hafnarfjörður. Mælingu og uppdrátt gerði Jón J. Víðis, 1925-26.

Ljósmyndir: Á vettvangi Katrín Gunnarsdóttir 7/4 2010.

Forsíðumynd: Hleðslugarður á lóðamörkum Austurgötu 33-35, horft í vestur.



HVERFISGATA, GUNNARSSUND OG MJÓSUND - fornleifar

Skala 1:1000